



Borgarráð

Reykjavík, 13. janúar 2025
MSS25010096

Verklagsreglur kjaranefndar

Lagt er til að borgarráð samþykki meðfylgjandi drög að nýjum verklagsreglum kjaranefndar.

Greinargerð:

Í 3. gr. í reglna um réttindi og skyldur stjórnenda sem heyra undir borgarstjóra er tiltekið að kjaranefnd (KNR) starfi í umboði borgarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í reglunum, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, samþykkt fyrir kjaranefnd Reykjavíkur og eftir því sem lög mæla fyrir um. Í þeirri grein kemur líka fram að KNR setur sér verklagsreglur sem borgarstjóri leggur fyrir borgarráð til staðfestingar.

Fyrir liggja drög að nýjum verklagsreglum kjaranefndar Reykjavíkurborgar (KNR). Helstu tillögur um breytingar á verklagsreglunum lúta annars vegar að því að laga þær að fyrirhuguðum breytingum á reglum um réttindi og skyldur æðstu stjórnenda Reykjavíkurborgar. Hins vegar er breytingunum ætlað að marka ný viðmið við ákvörðun launa og annarra starfskjara þeirra stjórnenda hjá Reykjavíkurborg sem heyra undir reglurnar en í gildandi verklagsreglum er vísað til þess að kjaranefnd „skal fylgjast með ákvörðunum kjaranefndar ríkisins varðandi þau embætti sem höfð eru til viðmiðunar...“. Frá því að verklagsreglur kjaranefndar voru staðfestar af borgarstjóra 2004 hafa orðið miklar breytingar hjá ríkinu er varðar launaákvæðanir embættismanna. Fyrst var Kjaranefnd ríkisins lögð niður og í hennar stað kom Kjararáð. Kjararáð var síðan lagt niður með lögum og kjaraákvæðanir þeirra sem áður heyrðu undir ráðið færðust að hluta undir kjarasamninga, að hluta í nýtt launaákvæðunarkerfi forstöðumanna og að hluta eru launabreytingar embættismanna ákvarðaðar með lögum. Í tillögunni er lagt til að KNR skuli „líta til launaþróunar hjá Reykjavíkurborg og sveitarfélögum almennt auk þess að líta til launa og launaþróunar sambærilegra hópa hjá ríkinu. Jafnframt skal kjaranefnd gæta jafnræðis- og jafnréttissjónarmiða við launasetningu. Kjaranefnd skal horfa til almennrar stöðu og þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Við almennar launaákvæðanir skal kjaranefnd skilgreina viðmiðunaráhópa og birta í úrskurði sínum tölulegar upplýsingar um breytingar á launum þeirra.“ Þá er í bráðabirgðaákvæði verklagsreglnanna fjallað um launaákvæðanir þeirra sem heyra undir bráðabirgðaákvæði reglnanna um réttindi og skyldur æðstu stjórnenda Reykjavíkurborgar og er við það miðað að við ákvörðun launa þeirra skuli horft til launaþróunar sambærilegra starfa hjá Reykjavíkurborg.

Í framhaldinu er vakin athygli á því að gera þarf breytingar á gildandi samþykkt endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar, samþykkt fyrir kjaranefnd Reykjavíkur, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar og viðauka 1.3 um



fullnaðarafgreiðslur kjaranefndar Reykjavíkurborgar. Forsætisnefnd er falið að undirbúa þær breytingar.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt: Drög að verklagsreglum kjaranefndar Reykjavíkurborgar, dags. 13. desember 2024.

Verklagsreglur kjaranefndar Reykjavíkurborgar staðfestar af borgarráði xx.xx 2024.

1. Gildissvið

- 1.1. Kjaranefnd starfar á grundvelli 3. gr. reglna um réttindi og skyldur æðstu stjórnenda Reykjavíkurborgar. Reglurnar gilda um þá stjórnendur hjá Reykjavíkurborg sem falla undir 1. gr. reglnanna.

2. Hlutverk kjaranefndar

- 2.1. Kjaranefnd starfar í umboði borgarráðs og ákvarðar laun og önnur starfskjör þeirra sem undir nefndina falla, sbr. gr. 1.1.
- 2.2. Við ákvörðun launa og annarra starfskjara stjórnenda skal kjaranefnd líta til launaþróunar hjá Reykjavíkurborg og sveitarfélögum almennt auk þess að líta til launa og launaþróunar sambærilegra hópa hjá ríkinu. Jafnframt skal kjaranefnd gæta jafnræðis- og jafnréttissjónarmiða við launasetningu. Kjaranefnd skal horfa til almennrar stöðu og þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Við almennar launaákvæðanir skal kjaranefnd skilgreina viðmiðunarhópa og birta í úrskurði sínum tölulegar upplýsingar um breytingar á launum þeirra.
- 2.3. Kjaranefnd móttekur og afgreiðir eftir því sem við á athugasemdir og ábendingar frá þeim sem nefndin ákvarðar laun og önnur starfskjör fyrir.
- 2.4. Kjaranefnd skal kynna verklagsreglur þessar fyrir þeim sem undir nefndina heyra.

3. Laun

- 3.1. Kjaranefnd úrskurðar föst heildarlaun stjórnenda sem samsett eru úr grunnlaunum og föstum einingum sem ákvarðaðar eru í viðbótareiningakerfi.
- 3.2. Fastar einingar eru ákvarðaðar í viðbótareiningakerfi og eru til að mæta yfirvinnu og ótímabundu álagi sem starfi stjórnanda fylgir. Orlofslaun teljast innifalin í einingum.
- 3.3. Kjaranefnd skal ákvarða sérstakar launagreiðslur til þeirra stjórnenda sem falin eru aukastörf af borgarráði eða borgarstjóra. Hér er átt við störf sem ekki teljast hluti af reglubundnu starfi stjórnanda, s.s. nefndarsetur vegna óskyldrar starfsemi. Slíkar launagreiðslur skulu vera í formi eininga (viðbótarlauna).
- 3.4. Ef stjórnandi er tilnefndur af þriðja aðila til nefndarstarfa, er almennt gengið út frá því að sá aðili greiði sérstaka þóknun en ekki Reykjavíkurborg.
- 3.5. Kjaranefnd skal ákvarða orlofs- og desemberuppbót þeirra sem undir nefndina heyra.

4. Önnur ákvæði

- 4.1. Um önnur réttindi og skyldur stjórnenda gilda reglur um réttindi og skyldur æðstu stjórnenda Reykjavíkurborgar og almennar samþykktir borgarráðs um starfskjör starfsmanna Reykjavíkurborgar.

5. Ákvæði til bráðabirgða

- 5.1. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í reglum um réttindi og skyldur æðstu stjórnenda Reykjavíkurborgar skulu þeir sem heyrðu undir eldri reglum um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg, en eru ekki í hópi stjórnenda, sbr. 1. gr. gildandi reglna, heyra undir kjaraákvæðanir kjaranefndar nema þeir óski eftir að fara undir kjarasamning.
- 5.2. Við ákvörðun launa og annarra starfskjara þeirra sem skilgreindir eru í gr. 5.1 skal líta til launaþróunar sambærilegra starfa hjá Reykjavíkurborg.